

Mánudaginn 9. apríl 1990.

Nr. 150/1990. **Ákærvaldið**

gegn

**Steingrími Njálssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974.  
Læknisrannsókn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 3. þ.m., sem barst Hæstarétti 4. þ.m. Í greinargerð af hálfu varnaraðila er þess krafist, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Einnig er krafist kærumálskostnaðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara er þess krafist með vísan til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að ákærði sæti gæsluvarðhaldi allt til uppkvaðningar héraðsdóms í máli þessu, þó eigi lengur en til 1. júlí nk. kl. 16.00, og jafnframt gert að sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni á gæsluvarðhaldstímanum samkvæmt 2. tl. 2. mgr. d-liðar 75. gr. laga nr. 74/1974.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, er ákært fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 45. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Í ákærunni er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að henni lokinni verði ákærði, með vísan til 67. gr. almennra hegningarlaga, dæmdur til að sæta gæslu samkvæmt 66. gr. sömu laga. Samkvæmt gögnum málsins var ákærði vistaður á geðdeild Västerviks-sjúkrahússins í Svíþjóð frá 18. október 1988 til 9. júní 1989, þar sem hann gekkst undir læknismeðferð. Áhrif þeirrar meðferðar virðast háð því, að ákærði haldi áfram lyfjatöku. Þá hefur ákærði verið í meðferð vegna áfengissýki á stofnunum hér á landi og í Svíþjóð á sl. 2 árum.

Eins og að framan greinir, þá er í ákæru krafist sérstakra öryggisráðstafana að refsingu lokinni. Ákærði hefur tvívegis gengist undir geðheilbrigðisrannsókn í tengslum við rannsókn skírlífisbrota, í janúar 1978 og janúar 1987. Engu að síður þykir nauðsyn bera til, að fyrir liggi ný læknisfræðileg athugun á ákærða og geðhögum

hans og hverjar líkur séu á því, að ákærði haldi áfram afbrotum. Í því sambandi þarf og að afla nánari upplýsinga um læknismeðferð þá, sem ákærði gekkst undir, og afstöðu ákærða til áframhaldandi lyfjameðferðar. Fallist er á það með héraðsdómara, að til þess að tryggja, að slík rannsókn geti farið óhindrað fram, sé nauðsynlegt, að ákærði sæti gæsluvarðhaldi, og þá með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Miðað við umfang rannsóknarinnar þykir rétt, að ákærði sæti gæsluvarðhaldi allt til uppkvaðningar héraðsdóms, þó ekki lengur en til 1. júlí 1990 kl. 16.00.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til 1. júlí nk. kl. 16.00.

Ákærði skal á gæsluvarðhaldstímanum gangast undir læknisrannsókn, eins og að framan greinir.

#### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. apríl 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 3. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess með vísan til 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, að ákærða, Steingrími Njálssyni, Skarphéðinsgötu 16, Reykjavík, kt. 210442-3679, sem nú situr í gæsluvarðhaldi vegna grunar um skírlífisbrot, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram, meðan máli hans er ólokið fyrir dómstólum, þó ekki lengur en til sunnudagsins 1. júlí 1990. Jafnframt er þess krafist, að ákærði verði úrskurðaður til að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni.

#### Málavextir.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 17. febrúar 1990, var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 4. apríl nk. vegna grunar um skírlífisbrot gagnvart drengnum A, fæddum 1983. Hæstiréttur Íslands staðfesti úrskurð sakadóms 22. s.m. með vísan til rannsóknarnauðsynja. Málið hefur síðan verið til rannsóknar hjá RLR, og hefur ákærði staðfastlega haldið fram sakleysi sínu.

Í gær var gefin út ákæra á hendur ákærða „fyrir skírlífisbrot, með því að hafa um kl. 16.30 fimmtudaginn 15. febrúar 1990 tælt drenginn A, fæddan 1983, sem ákærði hitti skammt frá heimili sínu, til að fylgja sér inn í herbergi sitt á 2. hæð í húsinu og haft þar í frammi við drenginn lostugt og hneykslanlegt athæfi með því að klæða hann úr buxum, draga niður nærbuxur hans og láta hann krjúpa á sófa í herberginu, og kom konan S þannig að drengnum og hafði hann á brott með sér, en hún hafði veitt ákærða og drengnum eftirför af ótta við, að ákærði hygðist misnota drenginn kynferðislega. Undanfari þessa atburðar var sá, að ákærði hafði frá því um mánaðarmót (sic) janúar/febrúar 1990 gert sér far um að vingast við drenginn og hafði hann m.a. í nokkur skipti komið í herbergi ákærða“.

Framangreint brot er í ákærinni talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að henni lokinni verði ákærði, með vísan til 67. gr. almennra hegningarlaga, dæmdur til að sæta gæslu samkvæmt 66. gr. sömu laga. Er sú krafa höfð uppi vegna sakaferils ákærða, sem hlotið hefur marga dóma fyrir skírlífisbrot gagnvart ungum pílum.

Refsímál þetta var þingfest hér fyrir dómi í gær. Samkvæmt 138. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 31/1988, ber að hraða meðferð málsins eftir föngum. Snar þáttur í þeirri málsmeðferð er rannsókn á andlegum og líkamlegum þroska ákærða og heilbrigðisástandi hans almennt. Ákærði hefur tvívegis áður gengist undir geðheilbrigðisrannsókn í tengslum við rannsókn skírlífisbrota, síðast í janúar 1987. Í niðurstöðum þeirrar rannsóknar segir Hannes Pétursson geðlæknir m.a., að ákærði sé hvorki haldinn formlegri geðveiki né greindarskort. Hins vegar sýni hann merki alvarlegra persónuleikatrufllana, sem m.a. komi fram í áfengissýki og endurteknum afbrotum. Að auki hafi ákærði átt við að stríða truflanir í tilfinninga- og kynlífi sínu, sem m.a. lýsi sér í afbrigðilegri kynhneigð (homosexual pedophilia). Í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 24. febrúar 1988 naut ákærði lækni meðferðar í því skyni að vinna bug á framangreindu vandamáli og útskrifaðist frá sjúkrastofnun í júní 1989. Ákærði fór síðan í áfengismeðferð í desembermánuði síðastliðnum og lauk henni þann 9. janúar sl.

Í ljósi alvarleika þess máls, sem nú er risið svo skömmu eftir framangreinda lækni meðferð, og þar sem í ákæru er krafist sérstakra öryggisráðstafana að refsingu lokinni, þykir að kröfu ákæruvaldsins rétt, að ákærði gangist undir geðheilbrigðisrannsókn að nýju, með vísan til 2. tl. 2. mgr. d-liðar 75. gr. laga nr. 74/1974. Til þess að tryggja, að slík rannsókn geti farið óhindrað fram og að hún tefji ekki málsmeðferðina fyrir dómi, þykir nauðsynlegt, að ákærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, með vísan til 1. tl. 1.

mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem fyrir liggur geðheilbrigðisrannsókn á ákærða frá 1987, þykir þó rétt, að hann sæti ekki gæsluvarðhaldi lengur en til 1. júní nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til 1. júní nk. kl. 16.00.

Ákærði skal á gæsluvarðhaldstímanum gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni.

---